

**Nd.**

**631. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á kjöti, ull o. fl. og um hækkun á útflutningsgjaldi af fiski o. fl.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Jón Magnússon, Skúli Thoroddsen.  
(Bjargráðanefndin).

1. gr.

Af öllu kjöti, ull, gærum, hestum og lifandi sauðfje, er flyst út á skipum, sem afgreidd eru frá íslenskri höfn, skal greiða í landssjóð útflutningsgjald, sem hér segir:

1. Af hverju kg. af kjöti ... ..	8 aura
2. Af hverju kg. af ull ... ..	20 —
3. Af hverri gæru ... ..	10 —
4. Af hverjum hesti ... ..	10,00 —
5. Af hverri sauðkind ... ..	3,00 —

2. gr.

Af öllum fiski og fiskiafurðum, er útflutningsgjald skal gjalda af samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881, lögum nr. 10, 13. apríl 1894 og lögum nr. 8, 6. mars 1896, skal gjalda í landssjóð fimmfalt það gjald, sem ákveðið er í nefndum lögum; þó skal útflutningsgjald af hvers konar lýsi vera 5 aurar fyrir hvert kílógramm.

3. gr.

Af hverri sildartunnu (108—120 litra), í hverjum umbúðum sem hún flyst, skal útflutningsgjald vera ein króna.

4. gr.

Um innheimtu gjalds þess, er 1., 2. og 3. gr. greinir, fer samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta reglulegs þings; þó skal þeim afljett að einhverju leyti eða öllu, eða gjaldið fært niður hlutfallslega, ef ástandið breytist áður í verulegum atriðum, svo sem fyrir verðlækkun á útlendri vöru eða innlendri, frá því sem nú er.